Nr. 1752/2021

# HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Eftirtaldir einstaklingar voru sæmdir heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á árinu 2021:

## I. Íslenskir ríkisborgarar.

**1. janúar 2021:**

Bernd Ogrodnik brúðumeistari, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til brúðuleikhúss og íslenskrar menningar.

Björn Þór Ólafsson fyrrverandi íþróttakennari, Ólafsfirði, riddarakross fyrir framlag til skíðaíþrótta, félagsmála og menningarlífs í heimabyggð.

Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur, Reykjanesbæ, riddarakross fyrir störf og fræðslu á sviðum talmeinafræði og táknmáls.

Halldór Benóný Nellett skipherra, Seltjarnarnesi, riddarakross fyrir forystu á vettvangi landhelgisgæslu og björgunarstarfa.

Helga Sif Friðjónsdóttir geðhjúkrunarfræðingur, Kópavogi, riddarakross fyrir brautryðjandastörf á vettvangi skaðaminnkunar fyrir fíkniefnaneytendur og aðra jaðarsetta hópa.

Helgi Ólafsson rafvirkjameistari, Raufarhöfn, riddarakross fyrir framlag til atvinnulífs, lista og menningar í heimabyggð.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir fyrrverandi prófessor, Reykjavík, riddarakross fyrir rannsóknir og miðlun þekkingar um mál og málnotkun, málþroska barna og þróun læsis.

Jón Atli Benediktsson rektor, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til alþjóðlegra vísinda og nýsköpunar á sviði fjarkönnunar og stafrænnar myndgreiningar og störf í þágu háskólamenntunar.

Pétur H. Ármannsson arkitekt, Reykjavík, riddarakross fyrir rannsóknir á sögu byggingarlistar á Íslandi og miðlun þekkingar á því sviði.

Pétur Guðfinnsson fyrrverandi útvarpsstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir forystustörf á vettvangi íslenskra fjölmiðla.

Sigrún Árnadóttir þýðandi, Reykjavík, riddarakross fyrir þýðingarstörf og framlag til íslenskrar barnamenningar.

Sigrún Edda Björnsdóttir leikkona, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar leiklistar.

Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor og fyrrverandi knattspyrnumaður, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til knattspyrnu kvenna og baráttu gegn einelti.

Vilborg Ingólfsdóttir, hjúkrunar- og lýðheilsufræðingur, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til hjúkrunar og heilbrigðisþjónustu á Íslandi og á alþjóðavettvangi.

**17. júní 2021:**

Dagný Kristjánsdóttir fyrrverandi prófessor, riddarakross fyrir kennslu og rannsóknir á bókmenntum íslenskra kvenna og barnabókmenntum.

Edda Jónsdóttir, myndlistamaður og gallerísti, riddarakross fyrir forystu um kynningu og miðlun á íslenskri myndlist.

Egill Eðvarsson kvikmyndagerðarmaður, riddarakross fyrir frumkvöðlastörf í dagskrárgerð fyrir sjónvarp og framlag til íslenskrar kvikmyndagerðar.

Felix Valsson, svæfinga- og gjörgæslulæknir, riddarakross fyrir forystu við innleiðingu nýrrar tækni á sviði lækninga og framlag til björgunarstarfa.

Jón Kristinn Cortez, tónlistarkennari og kórstjóri, riddarakross fyrir framlag til kóratónlistar og forystu um útgáfu sönglaga eftir íslensk tónskáld.

Lára Stefánsdóttir skólameistari, riddarakross fyrir frumkvæði og nýsköpun á vettvangi framhaldsskóla.

Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri og fyrrverandi varaformaður Samtaka atvinnulífsins, riddarakross fyrir framlag til íslensks atvinnulífs og opinberrar umræðu.

Már Guðmundsson, hagfræðingur og fyrrverandi seðlabankastjóri, riddarakross fyrir störf í opinbera þágu.

Ólafur Flóvenz, jarðeðlisfræðingur og fyrrverandi forstjóri Íslenskra orkurannsókna, riddarakross fyrir forystu á vettvangi rannsókna á íslenskum orkuauðlindum.

Ólafur Karl Nielsen, fuglafræðingur og formaður fuglaverndar, riddarakross fyrir rannsóknir á íslenskum fuglum, ekki síst fálka og rjúpu, og miðlun þekkingar á því sviði.

Páll Halldórsson flugmaður, fyrir framlag til björgunar mannslífa og brautryðjendastörf á vettvangi landgræðslu.

Rakel Garðarsdóttir framkvæmdastjóri, riddarakross fyrir framlag til að efla vitund um matarsóun, betri nýtingu og umhverfismál.

Rósa Björg Jónsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, riddarakross fyrir sjálfboðaliðastörf í þágu Móðurmáls, samtaka um tvítyngi, við skráningu og miðlun barnabóka á öðrum tungumálum en íslensku.

Þorbjörg Helgadóttir, fyrrverandi orðabókarritstjóri við Árnasafn í Kaupmannahöfn, riddarakross fyrir framlag til íslenskra fræða.

**1. september 2021:**

Astrid Helgadóttir ræðismaður, fyrir þjónustu við hagsmuni Íslendinga og framlag til að styrkja og efla tengsl Íslands og Spánar.

**17. desember 2021:**

Benedikt Bogason forseti Hæstaréttar, fyrir störf í opinbera þágu.

## II. Erlendir ríkisborgarar.

**17. mars 2021:**

Chamnarn Viravan ræðismaður, fyrir þjónustu við hagsmuni Íslendinga og framlag til að styrkja og efla tengsl Íslands og Taílands.

Mark Viravan, ræðismaður, fyrir þjónustu við hagsmuni Íslendinga og framlag til að styrkja og efla tengsl Íslands og Taílands.

**20. maí 2021:**

Lisa Murkowski öldungadeildarþingmaður, fyrir framlag til að styrkja og efla tengsl Íslands við Alaska og Bandaríkin.

**28. júní 2021:**

Selim Sariibrahimoglu ræðismaður, fyrir þjónustu við hagsmuni Íslendinga og framlag til að styrkja og efla tengsl Íslands og Tyrklands.

**15. júlí 2021:**

Poul Weber ræðismaður, fyrir þjónustu við hagsmuni Íslendinga og framlag til að styrkja og efla tengsl Íslands og Taílands.

**30. ágúst 2021:**

Manuel Zerón Sánchez ræðismaður, fyrir þjónustu við hagsmuni Íslendinga og framlag til að styrkja og efla tengsl Íslands og Spánar.

**1. september 2021:**

Sol Daurella Comadrán ræðismaður, fyrir þjónustu við hagsmuni Íslendinga og framlag til að styrkja og efla tengsl Íslands og Spánar.

**7. september 2021:**

Javier Betancor Jorge ræðismaður, fyrir þjónustu við hagsmuni Íslendinga og framlag til að styrkja og efla tengsl Íslands og Spánar.

**10. september 2021:**

Regina Kammerer bókaútgefandi, fyrir öflugan stuðning við útgáfu íslenskra bókmennta í þýskum þýðingum og kynningu íslenskrar menningar á erlendri grundu.

Christopher MacLehose, bókaútgefandi, fyrir öflugan stuðning við útgáfu íslenskra bókmennta í enskum þýðingum og kynningu íslenskrar menningar á erlendri grundu.

**7. október 2021:**

François-Xavier Dillmann þýðandi, fyrir þýðingarstörf.

**21. október 2021:**

Maxi Gunawan ræðismaður, fyrir þjónustu við hagsmuni Íslendinga og framlag til að styrkja og efla tengsl Íslands og Indónesíu.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. janúar 2022